

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

246. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. janúar 2015, kl. 12:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Árborg Ragnarsdóttir, Unnsteinn Andrésson, Guðrún Eik Skúladóttir og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Guðrún Eik Skúladóttir

Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1412042** Skipulagsstofnun. Tillaga að landsskipulagsstefnu 2015-2026.
2. **Erindi nr. 1411048** Sláturhús. Grenndarkynning á fituskilju og viðbyggingu

Tekið á dagskrá:

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1412042** Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar.

Erindi frá Skipulagsstofnun „Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026“ lagt fram til kynningar. Skv. stofnuninni verða haldnir kynningarfundir í janúar 2015.

2. **Erindi nr. 1411048 og 1411041** Sláturhús. Grenndarkynning á fituskilju og viðbyggingu. Mál áður á dagskrá á 245. fundi.

Vegna fyrirspurna hefur Skipulags- og umhverfissráð ákveðið að grenndarkynna fyrir þremur húsaröðum frá Hvammavegi til suðurs, í stað einnar. Framkvæmdin verður grenndarkynnt fyrir íbúum eftirtalinna húsa, Hvammavegur 2, Hjallavegur 14, 16 og 18, Melavegur 13, 14, 15, 16, 17 og 18 og Hlíðarvegur 20, 22, 23, 24 og 25. Haldinn verður kynningarfundur fyrir íbúa ofangreindra húsa. Öllum íbúum er þó frjálst að mæta á kynningarfundinn. Fundurinn verður nánar auglýstur á heimasíðu sveitafélagsins.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:25

Pétur Arnarsson

Árborg Ragnarsdóttir

Unnsteinn Andrésson

Ragnar Smári Helgason

Úlfar Trausti Þórðarson

Guðrún Eik Skúladóttir

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs